

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 10. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 3. október 1994.

Mættir voru: Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Sigfús Guðmundsson, Kristján Auðunsson, Sigurgeir Bárðarson, Ágúst Oddsson, Sigurður Þórhallsson, Marteinn Valdimarsson, Kristmundur Halldórsson.

Guðbrandur setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Guðmundur formaður komst ekki til fundar í upphafi fundarins.

1. **Ársreikningur 1993 fyrir L.H.** var lagður fram undirritaður af gjaldkera L.H. og endurskoðendum sambandsins þeim Gísla B. Björnssyni og Þorvaldi Þorvaldssyni.  
Tekjur L.H. á árinu 1993 eru kr. 8.475.004 og gjöld kr. 8.166.683. Hagnaður af rekstri er því kr. 308.320.  
Ársreikningurinn var ræddur nokkuð og svaraði Sigurður Þórhallsson og gjaldkeri L.H. nokkrum fyrirspurnum stjórnarmanna.
2. **Tillögur stjórnar L.H. og starfsnefnda Landssambandsins sem lagðar verða fram á 45. ársþingi L.H.**

### A. **Frá stjórn L.H.**

Fjárhagsáætlun L.H. fyrir árið 1995 lá fyrir fundinum. Áætlunin var rædd nokkuð og samþykkt af fundinum að leggja hana fram óbreytta á ársþinginu. Um er að ræða hækkan árgjálfa milli ára um liðlega 5%. Tekjur og gjöld eru áætluð kr. 8.000.000 Gert er ráð fyrir framlagi frá HÍS til sameiginlegra starfa að æskulýðsmálum kr. 400.000.

### B. **Guðmundur Jónsson formaður** var nú kominn til fundarins. Sigurður fékk honum bréf sem hann las fyrir stjórnarmenn. Bréfið var frá Páli A. Pálssyni þar sem hann fjallar um lyfjamálin. Þar er fjallað um að setja þurfi ítarlegar og afdráttarlausar reglur af L.H. sem nái til allra keppnisgreina og sýninga. Bannið á notkun lyfja nái til þess sem hefur áhrif á geðslag, atferli, getu og afköst hrossa á sýningum eða í keppni.

### C. Frá lyfjanefnd L.H. og HÍS.

Guðbrandur gerði grein fyrir störfum lyfjanefndar L.H. og HÍS. Í nefndinni sátu ásamt Guðbrandi, Þór Sigþórsson og Helgi Sigurðsson frá L.H. og frá HÍS Sigurður Sæmundsson og Steingrímur Þormóðsson.

Nefndin hefur lagt mikla vinnu í að móta reglur um lyfjaeftirlit í keppnis-hrossum, er taka þátt í keppni á vegum L.H. eða aildarfélaga þess. Að öðru leyti gilda almennar reglur ÍSÍ um lyfjaeftirlit knapa.

Nefndin leggur fram reglugerð um lyfjaeftirlit í 12 greinum. Þá fylgir ítarleg greinargerð með reglugerðinni.

Málið var rætt þannig að hver grein í reglugerðinni var lesin og yfirfarin lið fyrir lið. Jafnframt gerði Guðbrandur nánari grein fyrir einstökum atriðum og vitnaði m.a. í greinargerðina, sem fylgir reglugerðinni.

Miklar umræður urðu um málið og nokkrar athugasemdir gerðar við einstaka liði. M.a. var rætt um kostnaðinn sem kemur til með að falla á L.H. Ljóst er að L.H. verður að afla aukatekna vegna lyfjaeftirlits. Fjárhagsáætlun verður breytt samkvæmt þessu. Það verður væntanlega gert með aukaskatti á hvern félaga í L.H. Stjórnin felur lyfjanefndinni að gera þær breytingar sem fundurinn leggur til að gera þurfi á reglugerðinni þannig að hægt verði að senda gögnin til félaganna í tæka tíð. Kristján Auðunsson hefur unnið dyggilega með nefndinni að lyfjareglugerðinni og greinargerðinni og er honum og nefndinni þakkað það sérstaklega.

Lyfjanefndin leggur tillögu fyrir 45. ársþing L.H. sem haldið verður í lok október n.k. um að komið verði á fót reglugerð varðandi lyfjaeftirlit í öllum keppnum, mónum og sýningum á vegum L.H.

### D. Tillögur frá stjórn (framhald).

Formaður gerði grein fyrir eftirfarandi málum vegna undirbúnings ársþings.

1) Breyting á 5. gr. laga L.H. er varðar íþróttaráð L.H. Lesin var tillaga að breytingunni og greinargerð með henni.

2) Breyting á reglugerð um gæðingakeppni 1. gr. er varðar þátttöku hrossa í eigu hrossabúa og eða ræktunarsambanda.

Þá var rætt um að stóðhestar hafi ekki keppnisrétt í gæðingakeppni. Þetta er umdeilt innan stjórnarinnar. Niðurstaðan varð sú að leggja fram tillögu á 45. ársþingi um að stóðhestar hafi ekki keppnisrétt í gæðingaunglinga og barnaflokki á lands- og fjórðungsmótum. Sigurði falið að ganga frá tillögu sem lögð verður fram samkvæmt þessu.

3) Breyting á reglugerð um gæðingakeppni 2. gr. varðandi eftirlitsmenn. Breytingin felur í sér að annar eftirlitsmaðurinn skal vera dýralæknir. Greinargerð fylgir tillöggunni.

4) Breyting á 5. gr. reglurgerðar um gæðingakeppni er varðar lyfjanotkun og refsingar við brotum.

**Tillögur frá hestamannafélögum.**

1) Tillaga frá hestamannafélaginu Létti er varðar lyfjamál og kynbótahross (lyfjapróf).

Farið var yfir tillögur frá Fáki og fleiri tillögur sem borist höfðu skrifstofunni. Þessar tillögur og fleiri sem berast skrifstofunni verða skoðaðar á næsta fundi stjórnar.

- E. **Breyting á gæðingakeppni (úrslitakeppni).** Sigfús og Halldór gerðu grein fyrir hugmyndum um breytingar á úrslitakeppni sem felur í sér minna álag á keppnishrossin. Hugmynd Sigfúsar og Halldórs felur í sér að taka upp röðun fyrir hverja gangtegund í úrslitum. Þannig að nokkur hvíld fáist meðan röðun er lesin hverju sinni. Málið var rætt nokkuð og skrifstofunni falið að útbúa tillögur frá stjórn sem lögð verður fram á ársþinginu.
- F. **Mótun starfa og skipulag ársþings.** Farið var yfir komnar tillögur og þeim raðað niður á nefndir. Ekki eru öll gögn komin en mál þó til fyrir flestar nefndir. Fundarstjórar verða Fannar Jónasson og Eggert Pálsson Kirkjulæk.

Höskuldur Eyjólfsson, Friðgeir Friðjónsson og Jón Bjarnaosn létust á árinu úr röðum þekktra L.H. manna.

Vali á formönum verður frestað til næsta fundar. Ákv. að veita Jóni Sigurðsson Skollagróf og Guðmundi Jónssyni Hornafirði gullmerki L.H. á næsta þingi að auki Jóni Hallssyni Búðardal.

Varðandi dagskrá ársþings verður hún falin form. og framkv.stj. til nánari vinnslu.

Farið yfir hefbundinn lista boðsgesta á þingið. Ákveðið að tillögur (bækur og kort) Sigríðar Sigþórsdóttur liggi frammi á þinginu.

**Kjörbréfaneftnd:** Birgir Rafn Gunnarsson formaður, Elísabet Þórólfsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

Sigurður Þórhallsson ræddi v. Pétur Behrens um að vera framsögunaður á þinginu og tók hann allvel í það, að auki verður Guðmundur Jónsson formaður L.H. með framsögu og ákveðið að ræða við Hjalta Jón Sveinsson sem þriðjamann með framsögu um "Mótahald í nútíð og framtíð".

- G. Farið yfir umsóknir um úthlutun úr áningarálfasjóði. Umsóknir voru frá Feyki, Óðni, Hring, Hornfirðingi og Stíganda. Til er í sjóðnum frá fyrra ári um 200 þús. kr. og frá landsmóti koma ca. 700 þús. Ekki er

greitt nema með framvísun reikninga. Ákveðið að greiða Feyki kr. 100 þús., hin félögin fá kr. 75 þús. kr. hvert.

**H. Önnur mál.**

- a) Guðmundur Jónsson skýrði frá kennsluefni frá æskulýðsnefnd sem hugmyndir eru um að legga fram í grunnskólana. Sigurður Þórhallsson taldi þær Eydísi Indriðadóttir og Rosmarie Þorleifsdóttir hafa unnið þetta verk mjög vel.
- b) Guðmundur Jónsson ræddi fyrr í dag við Tryggva Gunnarsson lögfræðing sem hefur verið með, fyrir hönd L.H. og HÍS, Gýmismálið í vinnslu og óskar hann eftir viðræðum við stjórnarmenn varðandi þetta á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 19:30.

Guðbrandur Kjartansson

Kristján Auðunsson

Águst Oddsson

Kristmundur Halldórsson

Sigfús Guðmundsson

Marteinn Valdimarsson

Guðmundur Jónsson

Sigbjörn Björnsson

Jón Bergsson

Sigurgeir Bárðarson